

# 290. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 10. APRÍL 2019 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Kirkjuþing 2019.
- 3) Fjármál og fasteignir.
  - a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 8. apríl 2019.
  - b) Stuðningur Jöfnunarsjóðs við söfnuði erlendis.
  - c) Forkaupsréttur vegna sölu á Hallveigartröð 2 í Borgarbyggð.
  - d) Saurbær, áfrýjunarstefna.
  - e) Syðra Laugaland, kauptilboð sveitarfélagsins.
  - f) Reykhólar, tilboð um kaup á raðhúsi.
  - g) Veiðifélag Jökulsár á Dal, atkvæðaskrá.
  - h) Kaupsamningur við fyrrum ábúendur í Skálholti.
  - i) Höfn í Hornafirði, fasteignamál.
  - j) Syðra Laugaland, uppgjör við fráfarandi ábúanda.
  - k) Skjáskot, Kristnisjóður, uppgjörssamningur.
- 4) Málefni Skálholts.
  - a) Skólaráðsfundur nr.1 2019.
  - b) 60. fundur stjórnar Skálholts 19.03.2019
- 5) Saurbær á Hvalfjarðarströnd, greinargerð hóps um framtíðarsýn.
- 6) Umboð framkvæmdastjóra til undirritunar skjala.
- 7) Málefni fyrrum sóknarprests á Staðastað.
- 8) Starfsmannamál.
- 9) Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Sigurbjörg N. Hansen fjármálastjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari sem skráði fundargerð.

Sigurgeir Skúlason, verkefnastjóri kirkjugarðaráðs sótti fundinn undir dagskrárlið 3e. Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings sat fundinn undir dagskrárliðum 2, 3h og 4, séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti sat fundinn undir dagskrárliðum 3h og 4.

---

## 2. KIRKJUÞING

---

### *a) Kirkjuþing 2019*

Fram kom tillaga um að kirkjuþing 2019 verði sett laugardaginn 2. nóvember. Forseti kirkjuþings ræddi um hvort ekki væri tímabært að gera kirkjuþingið pappírslaust, og hafa skjái eða tjöld þar sem skjöl þingsins verði sýnileg kirkjuþingsfulltrúunum við vinnslu mála á þinginu. Kirkjuráð lýsti yfir stuðningi sínum við þá tillögu forseta að unnið verði að því að kirkjuþing 2019 verði pappírslaust þing.

Kirkjuráð samþykkti tillöguna um að þingið verði sett hinn 2. nóvember. Forseti kirkjuþings og framkvæmdastjóri kirkjuráðs munu gera tillögu að staðsetningu kirkjuþingsins fyrir næsta fund kirkjuráðs.

### *b) Nefndir kirkjuþings*

Forseti kirkjuþings upplýsti að hún hefur boðið nefndum kirkjuþings fram aðstoð lögfræðings kirkjuþings vegna þeirra mála sem þar eru til úrvinnslu.

---

## 3. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

### *a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 8. apríl 2019*

Fundargerðin lögð fram. Tekið fyrir 1. mál, Hraungerði, Voli. Erindi Petru Mazetti. Starfshópurinn leggur til við kirkjuráð að gengið verði til samninga við fyrirsprjanda um leigu á landinu til allt að fimm ára. Fasteignasviði verði falið að kanna hvert sé eðlilegt leiguverð fyrir landið.

Kirkjuráð samþykkti tillöguna.

Tekið fyrir 2. mál. Kostnaðaráætlun Sögufélagsins Steina lögð fram vegna byggingar altarissteins við Esjuberg. Kostnaðaráætlunin var forsenda fyrir styrkveitingu úr Kristnisjóði sem nú verður greiddur.

Kirkjuráð samþykkti greiðsluna.

*b) Stuðningur Jöfnunarsjóðs við söfnuði erlendis*

Lögð fram fyrirspurn formanns safnaðarstjórnar íslenska safnaðarins í Lúxemborg, frá 28. febrúar sl. Í fjárhagsáætlun Jöfnunarsjóðs sókna fyrir yfirstandandi ár var ákveðið að veita samtals 5 m.kr. í styrki til safnaða erlendis án þess að fram kæmi sundurliðun á því hve háa fjárhæð ætti að veita hverjum söfnuði.

Kirkjuráð hafði áður samþykkt að biskup muni útteila þeim fjármununum til hinna fimm safnaða. Framkvæmdastjóri mun svara fyrirspurn formannsins.

*c) Forkaupsréttur vegna sölu á Hallveigartröð 2 í Borgarbyggð*

Samkvæmt lóðaleigusamningi dags. 01.03.2005 með þinglýsingarnúmer. 413-M-000480/2005 hefur leigusali lóðar, Prestssetrasjóður fyrir hönd prestssetursins að Reykholti forkaupsrétt á Hallveigartröð 2 fnr. 229-2437 við sölu eignar.

Kirkjuráð samþykkti að falla frá forkaupsréttinum.

*d) Saurbær, áfrýjunarstefna*

Stefnan lögð fram.

Kirkjuráð ályktar að tekið verði til varna í málinu fyrir Landsrétti með það að markmiði að fá yfirmat í málinu lagt til grundvallar uppgjóri.

*e) Syðra Laugaland, kauptilboð sveitarfélagsins*

Erindi sveitarfélagsins lagt fram.

Kirkjuráð ályktar að taka upp viðræður við Eyjafjarðarsveit um áhuga sveitarfélagsins á að eignast eða taka á leigu hluta lands Syðra Laugalands.

*f) Reykhólar, tilboð um kaup á raðhúsi*

Tilboðið lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kanna hver kostnaður væri við að gera við núverandi prestsetur, að kanna einnig hvort mögulegt sé að fá skrifstofuáðstöðu til leigu fyrir prestinn í sveitarfélaginu, að kanna hvort mögulegt sé að byggja bílskúr við umrætt raðhús, sem tilboð er lagt fram um.

*g) veiðifélag Jökulsár á Dal, atkvæðaskrá*

Skráin lögð fram. Málið gefur ekki tilefni til ályktunar kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að óska eftir því við prestinn á Valþjófsstað að hann annist um málið f.h. kirkjuráðs.

*h) Kaupsamningur við fyrrum ábúendur í Skálholti*

Samningurinn lagður fram.

Kirkjuráð samþykkti kaupsamninginn fyrir sitt leyti.

Stefán Magnússon, sat hjá við afgreiðslu málsins.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna drög að uppgjóri við núverandi ábúanda í Skálholti.

*i) Höfn í Hornafirði, fasteignamál*

Lagt fram erindi leigjanda fyrrum prestseturs.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og fasteignasviði að gera úttekt á húsinu hið fyrsta og gera áætlun um viðgerðir á því og næstu skref í málinu.

*j) Syðra Laugaland, uppgjör við fráfarandi ábúanda*

Uppgjörið lagt fram. Fram kom að fráfarandi ábúandi samþykki uppgjörið.

Kirkjuráð samþykkti uppgjörið fyrir sitt leyti.

*k) Skjáskot, Kristnisjóður, uppgjörssamningur*

Samningurinn lagður fram.

Kirkjuráð samþykkti samninginn.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við fjármálastjóra Biskupsstofu að hún geri minnisblað um málið í heild svo mögulegt verði að læra af málinu. Minnisblaðið verði lagt fram á næsta fundi kirkjuráðs.

---

#### 4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

---

*a) Skólaráðsfundur nr. 1 2019*

Fundargerðin lögð fram. Vígslubiskup kynnti það sem fram fór á fundinum. Hugmynd um ráðningu dagskrárstjóra í Skálholti rædd.

*b) 60. fundur stjórnar Skálholtsstaðar 19.03.2019*

Fundargerðin lögð fram.

Vígslubiskup upplýsti að framundan er hugflæðisfundur í Skálholti um framtíð Skálholts og óskaði eftir þátttöku kirkjuráðs á þeim fundi. Formaður stjórnar Skálholts ræddi um mikilvægi þess að stjórnin geti auglýst eftir ráðsmanni í Skálholti.

Kirkjuráð samþykkti að heimila stjórn Skálholts að auglýsa eftir ráðsmanni, enda sé verkefnið að fullu fjármagnað. Þá verði ráðinu kynnt drög að starfslýsingu og að auglýsingu um starfið.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og fasteignasviði að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leyfi fáiast til niðurrifs á Rangæingabúð.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og fasteignasviði að vinna kostnaðaráætlun við að koma upp salernisaðstöðu í kjallara fyrrum vígslubiskupshúss á grundvelli teikninga ASK arkitekta sem fyrsta skrefi í því að áfangaskipta uppbyggingu vígslubiskupshússins. Áætlunin verði lögð fyrir næsta fund kirkjuráðs.

---

#### 5. SAURBÆR Á HVALFJARÐARSTRÖND, GREINARGERÐ HÓPS UM FRAMTÍÐARSÝN

---

Greinargerð hóps um framtíðarsýn varðandi Saurbæ á Hvalfjarðarströnd lögð fram.

Kirkjuráð þakkar vinnu hópsins og fagnar greinargerðinni.

---

## 6. UMBOÐ FRAMKVÆMDASTJÓRA TIL UNDIRRITUNAR SKJALA

---

Lögð voru fram drög að umboði framkvæmdastjóra kirkjuráðs til undirritunar skjala.

- Kirkjuráð samþykkti að veita framkvæmdastjóra kirkjuráðs umboð til undirritunar skjala f.h. kirkjuráðs. Umboðið var undirritað.

---

## 7. MÁLEFNI FYRRUM SÓKNARPRESTS Á STAÐASTAÐ

---

Lagt fram bréf frá Mörkinni, lögmannsstofu hf. til embættis biskups Íslands og kirkjuráðs varðandi sáttaumleitanir við fyrrum sóknarprest.

- Kirkjuráð samþykkti að ganga að gagnboðinu og að gera þannig dómsátt í málinu.

---

## 8. STARFSMANNAMÁL

---

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra.

- Kirkjuráð samþykkti að kirkjumálasjóður greiði helming launa og starfstengds kostnaðar lögfræðings sem ráðinn verður til Biskupsstofu og njóti þjónustu hans í samræmi við það.

---

## 9. ÖNNUR MÁL

---

a) *Skýrsla starfshóps um aukið samstarf þjóðkirkjunnar og Utanríkisráðuneytisins*

Biskup Íslands lagði fram til kynningar skýrslu starfshóps um aukið samstarf þjóðkirkjunnar og Utanríkisráðuneytisins sem dagsett er 4. apríl 2019.

b) *Fjölskyldukirkjan*

Séra Axel Árnason Njarðvík spurði um afdrif hugmyndarinnar um stofnun fjölskyldukirkju sem kynnt var á síðasta fundi kirkjuráðs.

Málin rædd.

c) *Auðsholt, sóknarmörk*

Séra Axel Árnason Njarðvík spurði um sóknarmörkin milli Skálholts og Hrepphólasókna, þar sem Auðsholt ætti frekar heima í Hrepphólasókn að mati heimamanna.

Fram kom að biskupafundur tekur við slíkum erindum, en gott væri að það kæmi frá heimamönnum.

d) *Akstursgreiðslur presta*

Séra Axel Árnason Njarðvík nefndi þá hugmynd að þróa akstursgreiðslur til presta þannig að þeir verði hvattir til orkuskipta, þ.e.a.s. að breyta úr notkun bifreiða sem knúnir eru af jarðefnaeldsneyti yfir í orkugjafa sem eru umhverfisvænni.

e) *Viðhaldsstaða eigna kirkjumálasjóðs*

Séra Axel Árnason Njarðvík vakti athygli á að gagnlegt væri að teknar væru saman upplýsingar um viðhaldsstöðu eigna kirkjumálasjóðs.

f) *Uptaka á leikriti um Lúther, Stoppleikhópurinn*

Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar hafði gert ráð fyrir að ónýttri fjárveitingu ársins 2018, um 1,7 m.kr. yrði varið til þess að taka upp leikrit Stoppleikhópsins um Lúther.

□ Kirkjuráð samþykkti að nýta megi fjármuni ársins 2018 árið 2019, sbr. ofangreint.

g) *Kirkjuþingsmál nr. 31*

Stefán Magnússon óskaði eftir lagfæringu á afgreiðslu kirkjuráðs á kirkjuþingsmáli nr. 31.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Á 289. fundi kirkjuráðs var bókað að 31. mál kirkjuþings 2018 hefði verið dregið til baka af flutningsmönnum og hefði því ekki hlotið afgreiðslu kirkjuþings. Forseti kirkjuþings hefur farið fram á að kirkjuráð veki athygli á að ofangreindar lyktir málsins urðu vegna samkomulags milli forseta kirkjuþings og biskups Íslands um að biskupsstofa ráði núverandi lögfræðing kirkjuþings til starfa a.m.k. tímabundið fram að næsta reglulega kirkjuþingi haustið 2019. Samkomulag þetta var borið undir þingheim sem samþykkti það samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30

Næsti fundur er áætlaður 8. maí 2019 og fer hann fram í Skálholti.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson,  
biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Svana Helen Björnsdóttir

---

Stefán Magnússon